

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	Ísl 102 Vorönn 2011	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

-

Kennari	Anna Lilja Harðardóttir og Jóna Valborg Árnadóttir	Sk.st.	ALH og JVÁ
----------------	--	---------------	------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur treysti kunnáttu sína á öllum sviðum lestrar og ritunar. Megináhersla er lögð á lestur bókmenntatexta bæði í bundnu og óbundnu máli. Í tengslum við lesefnið vinna nemendur með ýmis hugtök bókmennta- og bragfræði og skoða mun á talmáli og ritmáli. Nemendur fá auk þess þjálfun í fjölbreyttri ritun, tjáningu og notkun hjálpargagna.

Markmið áfangans eru að nemandi:

- geti skipt eigin texta og annarra í málsgreinar, efnisgreinar og kafla.
- þjálfist í að skrifa ýmis konar ritsmiðar.
- geti gengið frá texta á viðunandi hátt í tölvu.
- lesi upphátt fyrir aðra eigin texta og annarra.
- öðlist sjálfstraust til að tala og/eða lesa fyrir framan aðra.
- lesi bókmenntaverk og ýmsa aðra texta.
- geti beitt hugtökum bókmenntafræði í umfjöllun um bókmenntir.
- geti beitt ýmsum hugtökum bragfræði í umfjöllun um bundið mál.

Námsgögn:

Afturelding eftir Viktor Arnar Ingólfsson (útg. 2005 eða nýrri).

Íslenska eitt eftir Ragnhildi Richter, Sigríði Stefánsdóttur og Steingrím Þórðarson (útg. 2006)

Viðbótarefni frá kennara

Áætlun um yfirferð:

1. Iota 6.1. – 11.2. (5 vikur) Ritun og tjáning

Íslenska eitt, bls. 54-68, 109-114, 125-128. Fjallað verður um byggingu texta og ýmis ritunarverkefni lögð fram til þjálfunar. Helstu handbækur verða kynntar og orðabókaverkefni unnið í framhaldinu. Fjallað verður um mun á ritmáli og talmáli og munnlegur flutningur æfður. Nemendur hefja lestur bókarinnar *Aftureldingar*.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	Ísl 102 Vorönn 2011	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

2. Iota 14.2 – 1.4. (7 vikur) Bókmenntir

Íslenska eitt, bls. 9-29, 52-54, 69-93. Farið verður í helstu hugtök bókmenntagreiningar og notkun þeirra æfð á textum. Skáldsagan *Afturelding* rædd og verkefni unnin úr henni. Ýmis ritunarverkefni verða lögð fram í tengslum við umfjöllun.

3. Iota 4.4. - 30.4. (2 vikur) (páskafrí kemur inn í lotu) Ljóð

Íslenska eitt, bls. 30-49, 63-65, 96-108, 119-121, 124. Farið verður ítarlega í myndmál og stílbrögð ljóða.

Verkefni:

Nemendur vinna margvísleg verkefni jöfnum höndum og standa skil á þeim ýmist munnlega eða skriflega. Skriflegum verkefnum eiga nemendur að safna í möppu sem á að skila um miðja önn. Þessi verkefni gilda samtals 15% af lokaeinkunn.

Munnlegt verkefni í 1. lotu gildir 10% og próf/verkefni úr ljóðum í 3. lotu gildir 5%.

Auk þess taka nemendur krossapróf (10%) úr skáldsögunni *Aftureldingu*, vinna hópverkefni sem tengist henni (5%) og einstaklingsverkefni (5%).

Samanlagt vægi námsþátta á önn er 50% sem reiknast á móti lokaprófi.

Námsmat og vægi námsþátta:

Krossapróf og verkefni úr *Aftureldingu*, samtals 20%

Verkefnamappa 15%

Munnlegt verkefni 10%

Próf/verkefni úr ljóðum 5%

Lokapróf 50%

Nemendur verða að fá a.m.k. 4,5 á lokaprófi til að verkefni annarinnar fáið metin.

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar!

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils